

skipta um og margvíslega. Mjög margir munu hingað koma víðsvegar af löndum, þegar fer að verða ljós heimsþýðing íslensku þjóðarinnar, og að hér er nær verið guðunum, þ. e. auðveldara til sambands við fullkomnari mannkyn annarra jarðstjarna, en í nokkrum stað öðrum á þessari jörð. Munu þá ekki hljótaast nein vandræði af, þó að erfiðara sé hér um ýmsa matvælaframleiðslu en víða í öðrum löndum. Og að vísu mun, eftir aldaskiptin, einnig veðurfar breytast hér mjög til batnaðar, og jarðrækt ýmiskonar taka þeim framförum, sem nú mundu þykja mjög með ólíkindum. Og það sem mest er um vert, sú framför mannþroskans, sem íslenskur æskulýður nú þegar ber svo greinilega vitni, mun aukast og eflast, uns Íslendingar munu vekja á sér eftirtekt og aðdáun hvar sem þeir fara, ekki einungis eins og vér vitum að til forna átti sér stað, heldur jafnvel langt framyfir það.

Apríl—maí 1944.

25. *Íslenska þjóðin og úrslitatímar mannkynssögunnar*

I

Happ tel ég það, að ég rakst núna, nýkominn heim úr sveitinni, á nýjustu bókina eftir rithöfund, sem ég met mjög mikils, prófessor Julian Huxley. Virðist mér þetta besta bókin sem ég hefi séð eftir þennan höfund, en hann er heimskunnur, og mjög að verðleikum, þar sem hann er framúrskarandi bæði sem líffræðingur, heimspekingur og ritsnillingur. Bókin heitir: „On living in a Revolution“; Um líf á byltingartíma. Er Huxley það mjög vel ljóst, hve mjög atburðarásin miðar nú til gjörbreyttar framtíðar, enda mun hann vera í allrafremsu röð framvindufræðinga (evolutionista) þeirra, sem nú eru uppi. Sem dæmi um tiltakanlega góðar ritgerðir í bók þessari vil ég nefna kaflann *Philosophy in a World at war*, (*Heimsskoðun og lífsskoðun í heimi sem á í styrjöld*), og *Darwinism today* (*Darwinskenningin nú á dögum*). Mætti fleira nefna, sem ég hefi þó síður vit á, eins og t. d. *Reconstruction and Peace* (*Endurreisn og friður*). En einmitt af því, að hér er um að ræða einn af allrafremsu

framvindufræðingum nútímans, þykir mér mikilsvert að sjá, hversu ljóslega rit hans sýna, að Nýall hefir ekki það heiti ranglega hlotið. Því að hvergi í ritum þessa ágæta manns kemur fram hinn svo afarnauðsynlegi skilningur á þeim stefnumismun framvindunnar, sem svo er mikill, að rétt er að tala um helstefnu og lífstefnu (dysexelixis og diixelixis), og þó heldur ekki á því, að saga lífsins á vorri jörð er saga helstefnulífs, saga vaxandi þjáningar, og byltingartímar þeir, sem nú eru, svo mjög alvarlegs eðlis, að ef ekki tekst þessi gersamlega stefnubreyting, sem nauðsynleg er, en það er að hverfa frá helstefnu til lífstefnu, þá er ekki framundan annað en glötun, algert niðurfall menningar og síðan mannlífs.

II

Fyrri heimsstyrjöldin átti að verða „striðið til að gera enda á styrjöldum: The War to end War“. Nú virðast menn tæpast eins öruggir í því, að endir geti orðið á styrjöldum. En þó er, að vonum, mikið talað um nauðsynina á því, að tryggja friðinn, og að möguleiki sé að minnsta kosti á löngu friðartímabili, eftir þessa ógurlegustu styrjöld mannkyns-sögunnar. En það er fullkomlega víst, að styrjaldir eru það einkenni á sögu helstefnumannkyns, sem ekki verður af máð, ef ekki er stefnunni gersamlega breytt til þess horfs, sem áður var á vikið. Tel ég einnig alveg víst, að þetta geti alls ekki orðið, nema nokkur ný þekking komi til.

Mjög stórkostlegar framfarir í vísindum hafa nú að vísu orðið á þessum síðustu tímum, eins og alkunnugt er, og í sambandi við það hefir frést um kostnað við rannsóknir og tilraunir, sem fer mjög margfaldlega framúr því, sem áður er kunnugt um í sögu vísindanna. En þó hafa þessar stórkostlegu og ótrúlegu framfarir ekki stefnt í rétta átt. Þær hafa mjög greinilega á sér helstefnumarkið. Rannsóknirnar, sem svo miklu hefir verið kostað til, hafa eingöngu miðað að því, að leiða í ljós, hvernig drepíð verði og lagt í rústir, með meiri framgangi en áður. Og árangurinn hefir verið með ólíkindum furðulegur. Manndráp og önnur spöll af völdum einnar

einustu þódeilissprengju hafa farið framúr því tjóni, sem hlotist hefir af hinum ógurlegustu eldgosum og jarðskjálftum sem sagan getur um. Og má nú að vísu ekki gleyma því, að með þessum lygilegu ógnum hefir tekist að fá enda bundinn á hryllilegustu styrjöld mannkynssögunnar. En þó er ekki hægt að verjast þeirri hugsun, að helstefnumannkyn gæti haldið áfram á þeirri braut, sem nú er verið á, uns eyðileggingarmátturinn væri orðinn svo mikill og óviðráðanlegur, að leiddi til aleyðingar mannlífs. Verður hér fyrir, að minnast hinar fornu sögu af því, hvernig jötuninn Surtur „slyngur eldi yfir jörðina ok brennir allan heim“, eftir ósigur goðanna í hinni ógurlegustu úrslitastyrjöld.

14. okt. '45

26. Enn nokkrar aldaskiptaspár

Í bók eftir David Aurias, sem heitir „Through the Eyes of the Masters“ (1936, 1. útg. 1932) er ýmiskonar boðskapur, sem höfundur telur vera frá hinum svo nefndu meisturum guðspekinga, spíritistar mundu segja vera frá öndum framliðinna, en að öllum líkindum er að rekja til lengra kominna íbúa einhverrar annarrar jarðstjörnu. En hvað sem þessu liður, þá er boðskapur þessi talsvert fróðlegur, einkum þegar vísindalega er á hann litið. Og skal hér nú getið um sitthvað af þessu, sem heima hefði getað átt í 1. kafla Sannýals (sem heitir: Aldaskiptaspárnar og hin nýja náttúrufræði).

S. 35 er haft eftir meistaranum Koot Hoomi (Kút Húmí): „Einhver frumlegur hugsanamaður mun koma fram ...“, og á s. 37, að „jafnvel spíritismanum muni verða komið í vísindahorfið“. Á s. 39 er enn spá um „einhvern sem koma muni“. S. 41 talar „meistarinn Jesús“ um strauma sem fari um meðvitund mannkynsins líkt og rafmagn. S. 45 boðar sami meistari framkomu nýrrar trúar. S. 51 segir „meistarinn Hilarion“: „Vísindamennirnir — jafnvel menn eins og Einstein — standa einungis á þröskuldi þessara miklu opinberana sem snerta alheiminn ...“

S. 61 talar „meistarinn Serapion“ um „dularfull áhrif frá stjörnunum sem muni leiða til þess að sannist hin forna spá: